

Reglur um birtingu auglýsinga á Keflavíkurlugvelli

1. gr. Gildissvið

Skilmálar þessir taka til hvers konar skilta og auglýsinga sem birtar eru á Keflavíkurlugvelli.

Skilmálarnir gilda um „auglýsendur“ sem geta verið einstaklingar, félög, opinberir aðilar og aðrir sem standa að birtingu á Keflavíkurlugvelli.

2. gr. Almenn skilyrði auglýsinga

Auglýsing skal ávallt uppfylla lög og reglur, samræmast almennu velsæmi og má ekki vera villandi eða meiðandi.

Auglýsanda ber að virða höfundarrétt og að heimild réttthafa Sé til staðar.

Gæta skal þess að auglýsing raski ekki starfsemi Keflavíkurlugvallar.

Óheimilt er að auglýsa á byggingum eða skýlum nema með sérstöku samþykki. Merkingar á skýlum og byggingum skulu vera í samræmi við kröfur frá skipulagsfulltrúa Keflavíkurlugvallar.

Auglýsing má ekki vera með blikkandi merki, stróp eða laser ljósi.

Allar auglýsingar, útlit og texti, skal bera undir viðskiptadeild Isavia ohf. á Keflavíkurlugvelli til samþykktar hverju sinni áður en veitt heimild til að setja auglýsingar.

3. gr. Efni auglýsinga

Auglýsingar skulu vera málefnalegar og ekki fela í sér ádeilu eða hlutdræga umsögn um einstaka menn eða málefni, stofnanir, félög, félagasamtök eða stjórnmalaflokka. Efni, framsetning og eðli auglýsinga skal ekki vera með þeim hætti að Keflavíkurlugvöllur geti dregist inn í eða verði vettvangur deilna um viðkvæm og umdeild málefni eða vegi með einhverjum hætti að ímynd eða orðspori einstaklinga, fyrirtækja, stofnana, félagasamtaka eða annarra aðila.

Auglýsingar mega ekki vera ósanngjarnar gagnvart neytendum og keppinautum eða fela í sér ósanngjarnan samanburð á vöru eða annarri þjónustu.

Skýrt skal koma fram hver stendur að auglýsingu.

4. gr. Samkeppni

Isavia er heimilt að hafna staðsetningu eða skjábirtingu á auglýsingu vegna nálægðar við aðstöðu samkeppnisaðila í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

5. gr. Ábyrgð

Auglýsandi ber ábyrgð á að auglýsing uppfylli skilmála þessa. Auglýsandi ábyrgist heimild sína til efnis auglýsingar og að birting brjóti hvorki í bága við lög né réttindi annarra.

Isavia er heimilt að hafna birtingu auglýsingar, ef hún uppfyllir ekki skilmála þessa. Komi í ljós eftir að birting hófst að auglýsing samræmist ekki þessum skilmálum áskilur félagið Sér rétt til að hætta birtingu. Auglýsandi rétt á endurgreiðslu vegna óbirtra auglýsinga. Ekki verður bætt fyrir afleitt tjón af niðurfellingunni.

Við túlkun skilmála þessa skal gætt að jafnræði auglýsenda og þess gætt að þeim sé ekki mismunað.